

Breytingatillögur á reglugerð Sjúkrasjóðs FFÍ lagðar fram á aðalfundi

2. maí 2017 til samþykktar

12.1 Dagpeningar í veikinda- og slysaförföllum í 120 daga (4 mánuði), að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga skulu ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Að loknum 4 mánuðum skulu dagpeningar vera föst laun með handbókargjaldi viðkomandi sjóðfélaga, greidd í samræmi við starfshlutfall viðkomandi og skulu dagpeningar greiddir að hámarki í 12 mánuði samanlagt á hverju 24 mánaða tímabili, en þó aldrei lengur en veikindi eða óvinnufærni varir.

12.2 Dagpeningar í 90 daga (3 mánuði), að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og /eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

12.3 Dagpeningar í 90 daga (3 mánuði), vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af síðustu 6 mánuði.

Breytt grein:

12.1 **Dagpeningar í veikinda- og slysaförföllum, að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga skulu ekki nema lægri fjárhæð en meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Dagpeningar skulu greiddir að hámarki í 12 mánuði samanlagt á hverju 24 mánaða tímabili, en þó aldrei lengur en veikindi eða óvinnufærni varir.**

12.2 **Dagpeningar í 90 daga (3 mánuði), að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð en meðaltal þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.** Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og /eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

12.3 **Dagpeningar í 90 daga (3 mánuði), vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð en meðaltal þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af síðustu 6 mánuði.**

9.2 Einungis þeir sem sannanlega er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast.

Breytt grein:

9.2 Einungis þeir sem sannanlega er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast. **Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða styrki samkvæmt 12. grein „Styrkveitingar“ og 13. grein „Forvarnir- og sjóðfélaga“, þó að undanskilinni grein 13.2 til sjóðsfélaga næstu 12 mánuði eftir starfslok vegna aldurs eða örorku, enda hafi hann við starfslokin verið sjóðsfélagi og greitt af til sjóðsins í a.m.k. 5. ár þar á undan. Sjúkradagpeningar eru þó ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði eftir starfslok vegna aldurs.**

13.4 Sjúkraþjálfun og sjúkranudd.

Sjóðnum er heimilt að greiða 50% af hlut sjúklings á hverju 12 mánaða tímabili fyrir sjúkraþjálfun og/eða sjúkranudd hjá löggiltum aðila gegn framvísun vottorðs og reikninga. Fyrstu 10 starfsárin er sjóðnum heimilt að greiða fyrir allt að 20 skipti, þó að hámarki kr. 50.000.-. Eftir 10 starfsár er sjóðnum heimilt að greiða fyrir allt að 30 skipti þó að hámarki kr. 75.000.- Ekki er greitt nema um sé að ræða hefðbundna læknisfræðilega endurhæfingu hjá löggildum fagaðila.

Breytt grein:

13.4 Sjúkraþjálfun/nudd og endurhæfing (hnykk- og nálastungulækningar, heilsunudd, osteópata-, höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð).

Sjóðnum er heimilt að endurgreiða allt að kr. **4.000.-** í hvert skipti af hlut sjúklings fyrir sjúkraþjálfun, sjúkranudd og endurhæfingu vegna hnykkklækninga hjá kírópraktor, nálastungulækninga, hefðbundins heilsunudds, osteopatameðferðar og meðferðar hjá höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferðaraðila gegn framvísun reiknings. Greitt er að hámarki kr. **80.000.- á hverju 12 mánaða tímabili.**

Grein fellur niður:

13.5 Hnykk- og nálastungulækningar, heilsunudd, osteópata-, höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð.

Vegna hnykkklækninga hjá kírópraktor, nálastungulækninga, hefðbundins heilsunudds, osteopatameðferð og meðferðar hjá höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferðaraðila er sjóðnum heimilt að endurgreiða 3000.- kr af kostnaði sjóðfélaga í hvert skipti, í allt að 10 skipti á hverju 12 mánaða tímabili gegn framvísun kvittana. Hámarksendurgreiðsla er kr. 30.000.-

13.6 Sálfraeði-, félags- og fjölskylduráðgjöf.

Vegna meðferðar hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi, félags- eða fjölskylduráðgjafa er sjóðnum heimilt að endurgeiða kr. 3000.- af kostnaði sjóðfélaga í hvert skipti í allt að 10 skipti á hverju 12 mánaða tímabili gegn framvísun kvittana. Hámarksendurgreiðsla er kr. 30.000.- Meðferð skal falla undir löggildingu viðkomandi starfsstéttar.

Breytt grein:

13.6 Sálfraeði-, félags- og fjölskylduráðgjöf.

Vegna meðferðar hjá sálfræðingi, geðhjúkrunarfræðingi, félags- eða fjölskylduráðgjafa er sjóðnum heimilt að endurgeiða allt að kr. **4.000.-** af kostnaði sjóðfélaga í hvert skipti að hámarki 10 skipti á hverju 12 mánaða tímabili gegn framvísun kvittana. Hámarksendurgreiðsla er kr. **40.000.-** Meðferð skal falla undir löggildingu viðkomandi starfsstéttar.

13.7 Endurhæfing á heilsustofnun.

Vegna endurhæfingar á Heilsustofnun NLFÍ eða annarri sambærilegri og viðurkenndri heilsustofnun er sjóðnum heimilt að greiða kr. 2000,- á dag í allt að 4 vikur á hverju 48 mánaða tímabili gegn framvísun kvittana og vottorðs. Hámarksendurgreiðsla er kr. 56.000.-.

Breytt grein:

13.7 Endurhæfing á heilsustofnun.

Vegna endurhæfingar á Heilsustofnun NLFÍ eða annarri sambærilegri og viðurkenndri heilsustofnun er sjóðnum heimilt að greiða kr. 2000,- á dag í allt að **6 vikur (42 almanaksdagar)** á hverju 48 mánaða tímabili gegn framvísun kvittana og vottorðs. Hámarksendurgreiðsla er kr. **84.000.-**.

Breytingar lagðar fram á aðalfundi FFÍ 2. maí 2017